

Ragnheiður Gestsdóttir

Ritunarverkefni með
Óskasteini



NÁMSGAGNASTOFNUN 2006

Verkefni

Samtal: Galdrasendingin

Endursögn: Kveðið á glugga

Sögugerð: Thomas Alva Edison

Ljóðagerð: Ljós og myrkur

Sögugerð: Rafmagnslaust

Gagnaleit: Gamlar gátur

Samtal: Tengdadóttirin klóka

Frétt: Gáta sfinxinnar

Ævintýri: Pilturinn sem gat breytt sér í fálka, maur og ljón

Sögugerð – endursögn: Naglasúpa

Myndasögugerð: Aladdín – myndasaga

Lýsing: Kanarífuglinn, lævirkinn og næturgalinn

Ljóð: Óskasteinn – ljóðagerð

Sögugerð – endursögn: Naglasúpa

Galdrasendingin

Ef þú skoðar samtalsþættina í *Óskasteini* sérðu að þeir eru settir upp á síðurnar á sérstakan hátt. Samtöl eru líka öðruvísi en venjuleg frásögn. Þegar þú skrifar samtal þarftu að setja þig í spor þess sem er að tala hverju sinni og ímynda þér hvað hann myndi segja.

- Nú skaltu breyta frásögninni um galdrasendinguna í samtalsþátt. Konan og drengurinn, sem í raun og veru er draugur, tala saman. Skrifaðu að minnsta kosti sex setningar til viðbótar.

Konan: Hvað er þér á höndum?

Draugurinn: Ég er kominn að drepa bónda þinn.

Konan: Ekki getur þú það, svona líttill ...

Kveðið á glugga

Ljóð geta fjallað um hvað sem er. Þau geta bæði verið rímuð og órímuð eins og þú veist. Rímuð ljóð eru líka með ýmsu móti. Þau geta verið tvær, þrjár eða fjórar línur og stundum miklu lengri. Oft ríma línurnar saman tvær og tvær en þannig þarf það ekki endilega að vera. Skoðaðu vísurnar í sögunni um drauginn og bóndadótturina og athugaðu rímið.

- Í vísunum eru nokkur skrýtin orð, enda eru þær mjög gamlar. Reyndu nú að endursegja frásögnina í stuttu máli án þess að skrifa vísurnar. Segðu í staðinn með þínum eigin orðum hvað draugurinn og stúlkan sögðu með vísunum.

Ljós og myrkur

- Nú hefur þú lesið vísur og ljóð bæði um ljós og myrkur. Hvað finnst þér best við ljósið? En myrkrið? Reyndu að segja frá því í ljóði. Þú skalt skrifa að minnsta kosti sex línur en auðvitað máttu skrifa miklu meira, jafnvel mörg ljóð.

Mér finnst ...

Rafmagnslaust

Í samtalspættinum *Rafmagnslaust* spjalla krakkarnir um hversu gaman væri ef rafmagnið færi. Þau verða samt hálfsmeyk þegar það gerist í raun og veru.

- Skriðu nú stutta sögu um rafmagnsleysi. Það getur verið gamansaga, draugasaga, glæpasaga eða eitthvað allt annað, eina skilyrðið er að ekki sé hægt að kveikja rafmagnsljósini! Mundu að saga þarf að hafa upphaf, miðju og endi og gættu þess að hafa setningarnar ekki of langar.

Gamlar gátur

Gáturnar sem þú last í *Óskasteini* eru margar mjög gamlar. Það er til ógrynni af gátum, bæði gömlum og nýjum. Þú getur fundið gátur mjög víða, bæði í bókum og blöðum. Svo getur líka verið að einhver sem þú þekkir kunni skemmtilegar gátur.

- Reyndu að finna að minnsta kosti eina gátu sem er ekki í *Óskasteini* og skrifaðu hana niður.

Þú skalt líka skrá **heimildirnar**, það er að segja hvar þú fannst gátuna eða gáturnar. Ef gátan er í bók eða blaði þarftu að skrá nafn og höfund (ef hans er getið), útgefanda, útgáfustað og ár. Ef einhver segir þér gátuna skaltu skrá nafn hans og hvenær þú skrifaðir gátuna niður. Ef þú finnur gátu á Netinu skaltu tilgreina netsíðuna og dagsetningu.

Naglasúpan

Í samtalsþætti heyrast raddir þeirra sem spjalla saman en það sem þeir hugsa er oftast látið ósagt. Oft getum við þó ímyndað okkur hvaða hugsanir liggja að baki því sem sagt er. Nú skulum við ímynda okkur hvernig kerlingin upplifði heimsókn flakkarans.

- Segðu söguna í stuttu máli eins og hún myndi segja vinkonu sinni hana.

Það var hérna um kvöldið þegar veðrið var svo vont að barið var að dyrum.

Aladdín – myndasaga

Þú hefur eflaust lesið einhver býsni af myndasögum og þekkir þær vel. En hefurðu íhugað hvernig höfundurinn velur þá atburði í sögunni sem sýndir eru á mynd? Það væri varla skemmtileg myndasaga sem eingöngu sýndi aukaatriði en sleppti því að sýna þá viðburði sem eru mest spennandi. Í *Óskasteini* er myndasaga á bls. 64–65.

- Veldu þér nú einn kafla í sögunni um Aladdín og búðu til myndasögu úr honum. Myndreitirnir verða að vera að minnsta kosti fjórir, en þú getur líka haft þá fleiri. Skoðu vel hvaða augnablik úr sögunni þurfa að vera á myndunum svo hún skiljist.



